

Dags. 27.9.2011

Fundargerð brunavarnanefndar - 27.09.2011

Fimmti fundur í sameiginlegri brunavarnanefnd Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, haldinn á skrifstofu Þingeyjarsveitar á Laugum þann 27. september 2011 kl.16:00.

Mætt voru: Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri, Arnór Benónýsson formaður, Hólmgeir Hallgrímsson og Þórunn Jónsdóttir í forföllum Helgu Erlingsdóttur.

Formaður setti fund, bauð menn velkomna og gerði grein fyrir fundarefni en 4., 5. og 6. lið boðaðrar dagskrár er frestað til næsta fundar.

1. Tjón á slökkvistöðinni á Laugum.

Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir tjóni á búnaði í slökkvistöðinni á Laugum vegna ósonmengunar úr frárennislögnum. Tjón er mjög mikið en nær allur búnaður sem geymdur var í stöðinni úr gúmmí og plastefnum er ónýtur.

Verið er að vinna nákvæma úttekt á tjóninu og eiga slökkviliðsstjóri og sveitarstóri Þingeyjarsveitar í viðræðum við hlutaðeigandi aðila m.a. Vátryggingafélag Íslands um mögulegar skaðabætur.

Búið er að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja lánmarks viðbúnað meðan þetta ástand varir á slökkvistöðinni á Laugum og hafa nærliggjandi slökkvilið verið beðin um að vera í sérstakri viðbragðsstöðu.

Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að málum í samstarfi við sveitarstjóra Þingeyjarsveitar.

2. **Vetrarstarf.** Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir starfi vetrarins. Reglur um hæfi slökkviliðsmanna hafa verið hertar, m.a. til reykjöfunar. Stefnt er að því allir slökkviliðsmenn ljúki þrekprófun og læknisskoðun. Íþróttakennari var fenginn til að setja saman æfingaáætlun sem unnið verður eftir tvö kvöld í viku, annað kvöldið í Reykjadal en hitt í Mývatnssveit. Einnig er stefnt að verklegum æfingum sem byggja á æfingum Brunamálastofnunar.

3. **Ráðningarsamningar.** Slökkviliðsstjóri stefnir að því að ganga frá ráðningu allra slökkviliðsmanna sem fyrst.

4. **Vaðlaheiðargöng,** umræðu frestað.

5. **Brunavarnaráætlanir,** umræðu frestað.

6. **Fjárhagsáætlun,** umræðu frestað.

7. **Önnur mál.**

a) Formaður gerði grein fyrir stöðu mála í viðræðum Þingeyjarsveitar og Norður-Þings um uppskipti sameiginlegs búnaðar Aðaldælahrepps og Norður-Þings úr slökkvistöð í Aðaldal.

b) Formaður gerði grein fyrir kaupum Þingeyjarsveitar á húsnæði fyrir slökkvilið í Kvíhólsmýri á Laugum en slökkvilið á Laugum er þegar flutt þangað.

Fundi lauk með heimsókn í nýja húsnæðið kl 18:00

Stefnt er að næsta fundi þriðjudaginn 25. október kl. 16:00

Fleira ekki bókað

Þórunn Jónsdóttir

